

Eignarhlutir ehf.

Ársreikningur 2025

Yfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Eignarhlutir ehf.
kt. 491106-0180
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnenda

Félagið var stofnað 7. nóvember árið 2006 og tók til starfa sama ár.

Tilgangur félagsins er eignarhald og umsýsla eignarhluta íslenska ríkisins í félögum og fyrirtækjum sem félaginu hefur verið falið að fara með. Ráðstöfun slíkra eignarhluta til þriðja aðila er óheimil nema með samþykki fjármálaráðherra enda liggi fyrir lagaheimild þar sem við á.

Með kaupsamningi ríkissjóðs á eignarlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun sf. þann 1. nóvember 2006 eignaðist ríkissjóður 99,9% eignarlut í félaginu. 0,1% var lagt til hlutafélags í eigu ríkissjóðs sem stofnað var í þeim tilgangi. Samkvæmt kaupsamningum yfirtók félagið 0,1% hlut í Landsvirkjun þann 1. janúar 2007 og var kaupverðið 60,5 m.kr.

Hlutfé félagsins er 500 þús. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs. Óbreytt frá fyrra ári.

Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu 2025 og engin stjórnarlaun greidd.

Á árinu varð 18,7 m.kr. hagnaður af rekstri félagsins samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir félagsins 98,5 m.kr., skuldir 4,7 m.kr. og eigið fé félagsins nam 93,8 m.kr. þann 31. desember 2025.

Stjórn félagsins vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun rekstrarhagnaðar ársins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhluta ehf. staðfesta ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 2026.

Jón Gunnar Vilhelmsson

stjórnarformaður og framkvæmdastjóri

(rafræn undirritun)

Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar Eignarhluta ehf.

Álit

Ársreikningur Eignarhluta ehf. fyrir árið 2025 er kannaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð Ríkisendurskoðunar

Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í þeirri ályktun um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun Ríkisendurskoðunar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgðir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningu á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því er ekki víst að vitneskja hafi fengist um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

(undirritað rafrænt)

Rekstrarreikningur

Skýring 2025 2024

Gjöld

Annar rekstrarkostnaður.....	1.644.735	693.476
Gjöld samtals án fjármagnsgjalda.....	1.644.735	693.476

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur.....	4	25.063.844	30.072.833
Fjármagnsgjöld.....		0	-26.350
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals.....		25.063.844	30.046.483

Afkoma ársins fyrir tekjuskatt.....	23.419.109	29.353.007
--	-------------------	-------------------

Tekjuskattur.....	-4.688.102	-6.060.714
-------------------	------------	------------

Afkoma ársins.....	18.731.007	23.292.293
---------------------------	-------------------	-------------------

Efnahagsreikningur

	Skýring	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Eignarhlutir í félögum.....	4	60.500.000	60.500.000
Fastafjármunir samtals.....		60.500.000	60.500.000
 Krafa á ríkissjóð.....		36.974.364	19.897.300
Skammtímakröfur.....	5	14.046	10.209
Handbært fé.....	6	1.042.195	992.397
Veltufjármunir samtals.....		38.030.605	20.899.906
 Eignir samtals.....		98.530.605	81.399.906
 Eigið fé			
Hlutfé.....		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður.....		150.000	150.000
Óráðstafað eigið fé.....		93.156.483	74.425.476
Eigið fé samtals.....	7	93.806.483	75.075.476
 Skuldir			
Skuld við ríkissjóð.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		36.020	143.310
Skammtímaskuldir.....	5	4.688.102	6.181.120
Skammtímaskuldir samtals.....		4.724.122	6.324.430
 Skuldir samtals.....		4.724.122	6.324.430
 Eigið fé og skuldir samtals.....		98.530.605	81.399.906

Sjóðstreymi

Skýring 2025 2024

Rekstrarhreyfingar

Hreint veltufé frá rekstri

Afkoma ársins..... 18.731.007 23.292.293

Breyting rekstrartengdra eigna og skulda

Hækkun / - lækkun viðskiptakrafna og skammtímakrafna..... -17.080.901 -19.888.991

Lækkun / - hækkun viðskiptaskulda og skammtímaskulda..... -1.600.308 -3.346.492

-18.681.209 -23.235.483

Handbært fé frá rekstri..... 49.798 56.810

Hækkun / - lækkun á handbæru fé

49.798 56.810

Handbært fé í byrjun árs..... 992.397 935.587

Handbært fé í árslok..... 1.042.195 992.397

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Eignarhlutir ehf. er einkahlutafélag í 100% eigu íslenska ríkisins. Kennitala félagsins er 491106-0180 og aðsetur þess er að Arnarhvoli við Lindargötu, 105 Reykjavík. Félagið er hluti af samstæðu ríkissjóðs.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Eignarhluta ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/2019. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum.

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast félaginu. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og á ógreidd gjöld í árslok.

3. Starfsmannamál

Enginn fastráðinn starfsmaður var hjá félaginu og engar launagreiðslur eins og fyrri ár.

4. Eignarhlutir í félögum

Félagið á 0,1% hlut í Landsvirkjun á móti 99,9% hlut ríkissjóðs. Hlutur félagsins er metinn í samræmi við kaupverð ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar í nóvember 2006 þ.e. 60,5 m.kr. Á árinu 2025 fékk félagið greiddan arð frá Landsvirkjun að fjárhæð 25 m.kr.

5. Skammtímakröfur og skammtímaskuldir

Skammtímakröfur eru fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur og skammtímaskuldir eru ógreiddur og áætlaður tekjuskattur og eru þær færðar á nafnverði.

6. Handbært fé

Handbært fé er inneign á bankareikningi.

7. Eigið fé

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun.....	500.000	150.000	74.425.476	75.075.476
Hagnaður ársins.....			18.731.007	18.731.007
Eigið fé í árslok.....	500.000	150.000	93.156.483	93.806.483